



VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI VIÐ AKSTURSLÁG

Deiliskipulag – **TILLAGA** á vinnslustigi

08.01.2025



Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórnar Norðurþings þann _____

f.h. Norðurþings

Skipulagslýsing var auglýst frá 6. júní með athugasemdafresti til 4. júlí 2024.

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Unnið fyrir Norðurþing. Forsíðumynd Gaukur Hjartarson

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

109064-001-DSK-V02-Aksturslág
greinargerð

HÖFUNDUR

MMR, ÍS, BRE

RÝNT

ST

SAMÞYKKT

ST

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Markmið	4
1.2	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Staðhættir	5
2.2	Landsskipulagsstefna 2024-2038	7
2.3	Aðalskipulag Norðurljósa 2010 - 2030	7
2.4	Deiliskipulag	8
2.5	Fornminjar	8
2.6	Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	8
3	DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR	9
3.1	Lóðir og byggingarheimildir	9
3.2	Vegir og bílastæði	9
3.3	Göngu- og hjólaleiðir	10
3.4	Veitur	10
3.5	Sorp	10
3.6	Mæliblöð	10
3.7	Frágangur lóða og umgengni	11
3.8	Gróður og list	11
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
4.1	Valkostir og samanburður	13
4.2	Umhverfismat	13
4.3	Niðurstaða	15
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	16
5.1	Skipulagslýsing	16
5.2	Auglýsing tillögu	16
5.3	Skipulagsferlið	16

1 INNGANGUR

Sett er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir nýju svæði verslunar og þjónustu við Aksturslág á Húsavík. Áætlað er að þar rísi verslunarkjarni með dagvöruverslun og minni smásöluverslunum sunnan við þéttbýlið. Á svæði við Aksturslág verða góðar umferðartengingar og næg bílastæði fyrir heimamenn og ferðafólk.

Samhliða nýju deiliskipulagi verður gerð breyting á aðalskipulagi þar sem skilgreint verður nýtt verslunar- og þjónustusvæði (VP5) á áður skilgreindu opnu svæði. Í skilmálum þess verður heimiluð uppbygging verslunarmiðstöðvar með stórmarkaði fyrir dagvöruverslun og minni sérverslunum.

Skipulagssvæðið er 4,7 ha. að stærð.

Líkleg áhrif af stefnu deiliskipulagsins á umhverfið eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og eru sett fram í umhverfismatsskýrslu í kafla 5.

1.1 Markmið

Helstu markmið með deiliskipulaginu eru eftirfarandi:

Afmarka lóð fyrir verslunarkjarna, skilgreina byggingarskilmála og aðkomu að svæðinu.

Tryggja að nútímaleg matvöruverslun með nægum bílastæðum skjóti rótum á Húsavík.

Létta á umferðarálagi í miðbænum.

1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnir á kortagrunnum IS50v frá LMÍ og landeignarskrá frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:


- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1500
- Greinargerð þessi með umhverfisskýrslu, skipulags- og byggingarskilmálum.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Á undanföllum árum hefur verið vöxtur á Húsavík og íbúum fjölgað um 300 á áratug sem samsvarar 14% aukningu. Á sama tíma fjölgaði ferðamönnum mikið í sveitarfélaginu og uppbygging átti sér stað í gistingu og afþreyingu. Áfram er spáð stöðugri fjölgun íbúa og ferðamanna og er því þörf fyrir stóra matvöruverslun á Húsavík sem getur annað heimamönnum í héraðinu og öllum þeim ferðamönnum sem sækja svæðið heim. Núverandi verslunarhúsnæði, sunnarlega í byggðinni, þykir ekki nægilega hentugt til þess að koma fyrir nútímalegri verslun með góðu aðgengi fyrir alla. Að sumarlagi er mikill

erill ferðamanna í miðbæ Húsavíkur og bæði heimamönnum og ferðafólki getur reynst erfitt að finna bílastæði í bænum. Skipulagsyfirvöld telja að óheppilegt sé að stór matvöruverslun sé staðsett í miðri miðbæjartraffíkinni. Markmið sveitarstjórnar með deiliskipulaginu er að draga úr álagi akandi ferðamanna á miðbæinn. Deiliskipulagið geri ráð fyrir góðum umferðartengingum fyrir akandi og hjólandi, næg bílastæði bæði fyrir heimamenn og ferðafólk og góð hjólastæði.

Í mannfjöldaspá HMS er gert ráð fyrir stöðugri fjölgun í sveitarfélaginu á næstu árum; lágspá 0,6% en háspá 2,5%. Spár um komu ferðamanna til landsins gera ráð fyrir stöðugri fjölgun ferðamanna. Ferðamálastofa áætla að árið 2026 verði fjöldi ferðamanna á landinu rúmar 2,7 milljónir. Ákveðið samhengi er milli fjölgunar ferðamanna á landinu og fjölgunar á Húsavík. Skipulagsyfirvöld í Norðurþingi vilja tryggja að innviðir sveitarfélagsins geti annað þeim fjölda sem býr í bænum og sækir hann heim.



MYND 3 Yfirlit Ferðamálastofu um spár um fjölda ferðamanna¹.

2.1 Staðhættir

Fyrirhugað skipulagssvæði við Aksturslág er tún sem hefur verið nýtt og slegið síðustu ár. Svæðið liggur samsíða Norðausturvegi (Þjóðvegur nr. 85) og göngu- og hjólastíg sem er í góðri fjarlægð frá Þjóðveginum. Stærstur hluti svæðisins er flatlendi en á eystri mörkum hallar upp í móti. Í næsta nágrenni við skipulagssvæðið, norðan við Þingeyjarsýslubraut er fallegur skógi vaxinn gilskorningur þar sem Þorvaldsstaðaá rennur. Að sunnanverðu er efnistökusvæði í Króklágarholti. Vestan við Þjóðveginn eru athafnasvæði þar sem fyrirtæki s.s. Norðlenska, Frumherji, Hlað, Garðvík, Vegagerðin, Steinsteypir og Fiskeldið Haukamýri eru staðsett á athafnasvæði vestan við Þjóðveginn. Að austanverðu eru opin svæði og golfvöllurinn Katlavöllur.

¹ <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/nyjustu-spar-um-fjolda-ferdamanna>

Veðurfar

Á Húsavík er milt veðurfar en vetur geta verið snjópungir. Ríkjandi vindáttir eru norðvestlægar og suðaustlægar. Austanátt getur stundum orðið mjög hvöss en meðalvindhraði er fremur lítill eða um 4 m/s. Snjósöfnun á svæðinu er helst í norðlægum áttum að vetri og því mikilvægt að skipuleggja umferðarleiðir þannig að þær safni ekki á sig snjó í norðan- og norðaustanátt. Einnig er ástæða til að huga að skjóli frá norðanáttum að sumri og hvaða svæði liggja best við sólu².

Náttúruvá

Tjörnesbeltið liggur um sveitarfélagið og taka þarf tillit til þeirrar jarðskjálftahættu sem er á svæðinu. Margar fornar eldstöðvar eru í sveitarfélaginu en Gjástykki sem er að hluta innan Norðurþings er sú eina sem er virk. Byggðarsvæði eru ekki talin vera í hættu.


Staðsetning

Afmörkun nýs deiliskipulags verslunar- og þjónustusvæðis við Aksturslág er sýnd með rauðri línu á loftmynd. Stærð svæðisins er tæplega 7 ha.



MYND 1 Afmörkun deiliskipulags verslunar- og þjónustusvæðis við Aksturslág á loftmynd.

² Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.



MYND 2 Mynd tekin úr frumdrögum T.ark arkitekta – Unnið fyrir rekstraraðila.

2.2 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.“ Í stefnunni eru m.a. sett fram eftirfarandi áherslur um uppbyggingu í þéttbýli:

- Í skipulagi þéttbýlisstaða verði almennt haft að leiðarljósi að minnka ferðaþörf með því að þetta byggð, blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.
- Í skipulagi í þéttbýli verði hugað að innviðum fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningssamgöngur.


Skipulagið samræmist ekki Landsskipulagsstefnu þar sem uppbyggingu er beint út fyrir miðsvæðið. Þar með eykst ferðaþörf, dregur úr virkum samgöngum og loftslagsávinningur tapast. Mögulega flytur önnur verslun og þjónusta, s.s. vínbúð eða apótek sem nú er í miðbænum, inn á nýtt verslunarsvæði.

2.3 Aðalskipulag Norðurþings 2010 - 2030

Breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030 er gerð og auglýst samhliða deiliskipulagi þessu. Breytingin er sett fram á skipulagsupprætti og greinargerð með umhverfismatskýrslu. Stofnað er nýtt 3,8 ha verslunar og þjónustusvæði sem sýnt er á upprætti ásamt vegtengingu.

TAFLA 1. Skilgreining Verslunar- og þjónustusvæðis í breyttu Aðalskipulagi Norðurþings:

Nr. Svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
Vb5	3,8	Verslunar- og þjónustusvæði við Aksturslág. Nauðsynlegt þykir að skipuleggja nýtt verslunar- og þjónustusvæði með góðu aðgengi fyrir akandi umferð utan við þéttbýli Húsavíkur.	Heimilt er að reisa verslunarmiðstöð fyrir stóra matvöruverslun, sérvöruverslanir og aðra þjónustu. Byggingarmagn allt að 5.000m ² . Miðstöðin getur byggst upp í áföngum. Tryggja skal aðgengi allra ferðamáta að verslunarmiðstöðinni, grænt yfirbragð frá þjóðvegi og vandaðan frágang. Vinna skal deiliskipulag fyrir svæðið.



MYND 4 Breytt Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030, skipulagssvæðið er merkt með rauðum hring.

2.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir skipulagssvæðið en aðliggjandi deiliskipulag er í gildi fyrir Kringlumýri sem tók gildi í B-deild þann 12. september 2018. Nýtt deiliskipulag fyrir Aksturslág mun skarast að einhverju leiti við deiliskipulag Kringlumýrar og gera þarf því lítilsháttar breytingu á því skipulagi þar sem breyta þarf afmörkun þess.

2.5 Fornminjar

Búnaðarsamband Eyjafjarðar vann fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á þremur svæðum við Húsavík árið 2024; Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á þremur svæðum á Húsavík, Norðurbrekkur, Stórhóll/Hjarðarholt og Aksturslág er nr. 3384

Fornleifafræðingur skráði minjar á svæðinu árið 2024 og í ljós kom að þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins, vegur sem ber heitið *Aksturslág 3384-13*. Ekki er hægt að sjá ummerki um veginn og samkvæmt heimildarmanni eru sýnilegir vegslóðar seinni tíma slóðar. Hafa þarf samráð við Minjastofnun um þessar minjar.

Minjarnar eru sýndar á skipulagsupprætti. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

2.6 Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Lögnum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Skulu opinberar áætlanir stjórnvalda, s.s. vegna skipulagsmála, vera í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun.

Vatnshlot innan skipulagssvæðisins er grunnvatnshlotið Héðinshöfði nr. 102-199-G. Umhverfismarkmið þess er góð magnstaða og gott efnafræðilegt ástand. Héðinshöfði er undir staðbundnu álagi vegna sorpurðunnar.

3 DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR

Nýtt deiliskipulag tekur yfir 4,7 ha. svæði sem afmarkast af nýrri lóð fyrir verslunarkjarna og aðkomu að svæðinu. Á uppdrætti er sýndur byggingarreitur og skulu byggingar vera innan hans. Möguleg staðsetning bygginga er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti en endanlega staðsetning mannvirkja er sýnd á aðaluppdráttum.

3.1 Lóðir og byggingarheimildir

Leiðbeinandi lóðarstærðir eru sýndar á uppdrætti, endanleg lóðarstærð kemur fram á lóðarblaði.

B1 - Lóð verslunarkjarna

Heimilt er að byggja allt að 5000 m² og er hámarkshæð bygginga er allt að 10 m. Vanda skal til frágangs bygginga og bílastæða. Hús verða á einni til tveimur hæðum innan uppgefins hæðarkóta. Ekki er gert sérstaklega ráð fyrir kjallara nema að dýpi niður á fast leyfi slíkt. Mænisstefna er frjáls en leitast skal við að hafa innbyrðis samræmi innan lóðar. Efnisval bygginga skal vera vandað og skal gæta samræmis milli byggingarluta. Litaval skal vera dempað og notast skal við jarðtóna. Óheimilt er að nota stór og upplýst auglýsingarskilti. Heimilt er að lýsa byggingu og bílastæði upp með lágstemmdri lýsingu. Fella skal byggingar sem best að landi.

B2 - Lóð spennistöðvar

Heimilt er að byggja spennistöð allt að 20 m² og er hámarks hæð byggingar allt að 3m. Sýnd er leiðbeinandi staðsetning lóðar fyrir spennistöð. Heimilt er að hnika byggingarreit til á hönnunarstigi. Endanleg staðsetning verður sýnd á lóðarblaði og aðaluppdráttum. Vanta skal útlit og frágang svo byggingin falli sem best að heildarmynd svæðisins.

3.2 Vegir og bílastæði

Á uppdrætti er sýnd aðkoma að skipulagssvæðinu um hringtorg sem gert er ráð fyrir frá Norðausturvegi sunnan verslunarkjarnans. Tengingum við Norðausturveg er fækkað og gert er ráð fyrir að nýr tengivegur liggja í austur frá hringtorginu skv. vinnslutillögu aðalskipulags Norðurlands 2025-2045 en hann liggur fyrir utan deiliskipulagssvæðið. Á uppdrætti er einnig sýndur hámarksfjöldi bílastæða og viðmiðunarfjöldi hjólastæða. Gera skal grein fyrir bíla- og hjólastæðabókhalda á aðaluppdráttum. Fjöldi bílastæða hreyfihamlaðra skal vera í samræmi við byggingarreglugerð. Tryggja skal nægilegan fjölda rafhleðslustöðva fyrir hjól og bíla. Útfærsla bílastæða og vega á deiliskipulagsuppdrætti er leiðbeinandi og verður útfærð nánar á hönnunarstigi.

3.3 Göngu- og hjólaleiðir

Innan skipulagssvæðisins liggur göngustígur samsíða þjóðveginum sem tengist inn á lóð verslunarkjarnans. Gert er ráð fyrir stækkun stígsins og að hann verði aðgreindur milli gangandi og hjólandi. Staðsetning tengingar stígsins inn á lóð er leiðbeinandi og ákvarðast á hönnunarstigi.

3.4 Veitur

Mannvirki verða tengd veitu- og fráveitukerfum sveitarfélagsins.

Fráveita

Leiðbeinandi staðsetning hreinsivirkis er sýnd á uppdrætti til leiðbeiningar en endanleg staðsetning verður ákvörðuð á hönnunarstigi. Tryggja skal gott aðgengi að hreinsivirkjum til þjónustu. Gerð og staðsetning skal vera í samræmi við byggingarreglugerð, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

Regnvatn

Leitast skal við að veita vatni af húspökum og hörðu yfirborði við hús beint niður í jarðveginn og nota blágrænar ofanvatnslausnir fyrir bílastæði sem bæta græna ásýnd verslunarkjarnans.

Rafmagn

Gert er ráð fyrir að hús tengist dreifikerfi RARIK og gert er ráð fyrir því að lagnir muni fylgja vegum innan skipulagssvæðisins.

Neysluvatn

Heitt vatn verður fengið frá Orkuveitu Húsavíkur og gert er ráð fyrir því að lagnir muni fylgja vegum innan skipulagssvæðisins.

3.5 Sorp

Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum. Staðsetning skal vera innan byggingarreits og frágangur snyrtilegur með lokuðum girðingu til að draga úr sjónmengum, sjónrænum áhrifum og mögulegu foki á sorpi. Flokkun skal vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni.

3.6 Mæliblöð

Mæliblöð sýna lóðamörk, stærð lóðar, byggingarreit, innkeyrslu inn á lóð og kvaðir ef einhverjar eru.

3.7 Frágangur lóða og umgengni

Öllu jarðraski skal haldið í lágmarki við uppbyggingu á svæðinu svo sem við byggingu húsa, gerð göngustíga og vega. Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Lóðarhafi skal halda landi sem snyrtilegustu svo engin hætta stafi af búnaði eða munum innan þess né sé öðrum til ama.

Leitast skal við að hafa lýsingu lágstemmda og ljósi beint niður til að lýsing þjóni sem best tilgangi sínum og til að draga úr ljósmengun. Lóðarhönnun skal vera hluti af aðaluppdráttum sem unnin er fyrir útgáfu byggingarleyfis.

3.8 Gróður og list

Prýða skal lóðina gróðri, bæði lág- og trjágróðri. Draga skal úr sjónrænum áhrifum bílastæða með því að planta trjám á markvissan hátt. Velja skal bæði lauf og barrtré til að tryggja sígrænt umhverfi.

Gera skal ráð fyrir listaverki við hæfi á útisvæði verslunarkjarnans. Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir gróðri og listaverkum.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

Deiliskipulagstillaga verður í samræmi við stefnu í breyttu aðalskipulagi. Núverandi ástand verður borið saman við heimildir til uppbyggingar skv. aðalskipulagi. Stefna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsins verða metin út frá þáttum í eftirfarandi töflu:

TAFLA 1. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Náttúrufar Vistkerfi Gróður Jarðvegur Líffræðileg fjölbreytni	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> <ul style="list-style-type: none"> Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. <i>Aðalskipulag Norðurlands 2010 – 2030</i> <ul style="list-style-type: none"> Líffræðileg fjölbreytni verði viðhaldið með því að vernda lykilvistkerfi Íslands eins og votlendi og birkiskóga og önnur mikilvæg búsvæði fugla. <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i> <ul style="list-style-type: none"> 61. gr. sérstök vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl. Vistgerðakortlagning NÍ.	Hefur skipulagið áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur skipulagið áhrif á búsvæði dýra?
Land og landslag Landnotkun Ásýnd og yfirbragð	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efla þau gæði sem felast í menningarlandslagi. 	Hefur skipulagið áhrif á landnotkun?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. <p><i>Aðalskipulag Norðurlands 2010 – 2030</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Notkun lands s.s. fyrir ræktun, byggð og auðlindanýtingu þarf að stilla saman við verndun náttúru og landslags. Bæjarmyndin einkennist af lágreistri og þéttri byggð með miklum og fallegum gróðri. 	<p>Hefur skipulagið áhrif á náttúrulegt yfirbragð og ásýnd svæðisins?</p> <p>Tryggir skipulagið samfellu í byggð og umgengst byggingarland með ábyrgum hætti?</p>
Loftslagsmál <i>Kolefnisbinding</i> <i>Kolefnishlutleysi</i> <i>Loftslagsaðlögun</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. <p><i>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum</i></p>	<p>Hefur skipulagið áhrif á loftslagsmál?</p> <p>Styður skipulagið markmið um kolefnishlutleysi?</p>
Heilnæmt umhverfi <i>Mengun og hávaði</i> <i>Grunnvatn</i> <i>Loftgæði</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. <p><i>Aðalskipulag Norðurlands 2010 – 2030</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag þéttbýlis verði hagað þannig að umhverfi hvetji til göngu frekar en aksturs svo að útblástur koltvísýrings verði lágmarkaður. Grunnvatn haldist ómengað. Komið verður í veg fyrir mengun frá fráveitu. Frágangur rotþróa og fráveitumála uppfylli kröfur í lögum og reglugerðum. <p><i>Vatnaáætlun Íslands 2022-2027</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <p><i>Reglugerð um hávaða 724/2008</i> <i>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999</i> <i>Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029</i></p>	<p>Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?</p> <p>Hvetur skipulagið til vistvænna ferðamáta?</p> <p>Hefur skipulagið áhrif á vatnshlot?</p>
Menningarminjar <i>Fornminjar</i> <i>Náttúru- og menningarminjar</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja. <p><i>Aðalskipulag Norðurlands 2010 – 2030</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Forðast skal að raska þeim menningararfi sem felst í fornleifum og gömlu verðmætu búsetulandslagi. <p><i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012</i> <i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013</i> <i>Fornleifaskráning</i></p>	<p>Hefur skipulagið áhrif á fornminjar?</p> <p>Hefur skipulagið áhrif á náttúru- og menningarminjar?</p>
Samgöngur og umferðaröryggi <i>Umferðaröryggi gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda.</i>	<p><i>Aðalskipulag Norðurlands 2010 – 2030</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Gatnakerfi verði öruggt og þjóni vel bæði akandi, hjólandi og gangandi vegfarendum. 	<p>Samræmist skipulagið leiðbeiningum um sjálfbært skipulag; Mannlíf, byggð og bæjarrými?</p> <p>Dregur skipulagið úr ferðabörf?</p> <p>Tryggir skipulagið aðgengi allra að nærþjónustu?</p> <p>Bætir skipulagið umferðaröryggi óháð ferðamáta?</p>
Samfélag <i>Byggð</i>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i></p>	<p>Þéttir skipulagið byggð og blandar atvinnustarfsemi verslun og</p>

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Atvinnulíf	<ul style="list-style-type: none"> Uppbygging ferðaþjónustu taki mið af því að neikvæð áhrif á náttúru verði sem minnst og jákvæð áhrif á samfélag sem mest. Skipulag landnotkunar eflir búsetu og samfélag í þéttbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli. Við skipulagsgerð í dreifbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. <p><i>Aðalskipulag Norðurlands 2010 – 2030</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Atvinnu- og þjónustusvæði eru aðgengileg og aðlaðandi og öll megin verslun- og þjónusta er í miðbænum. 	<p>Íbúðarbyggð í þágu sjálbærni daglegs líf og aukinna lífsgæða? Hefur skipulagið hagræn áhrif fyrir sveitarfélagið?</p> <p>Samræmist skipulagið leiðbeiningum um sjálfbært skipulag; Mannlíf, byggð og bæjarrými?</p> <p>Styrkir og eflir skipulagið miðbæ Húsavíkur?</p> <p>Tekur skipulagið tillit til styrkleika og staðaranda Húsavíkur með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu?</p>

4.1 Valkostir og samanburður

Í umhverfismatsskýrslu eru bornir saman eftirfarandi valkostir:

Breytt skipulag – Nýtt deiliskipulag - Svæðið byggist upp sem verslunar- og þjónustusvæði í samræmi við breytt aðalskipulag og í samræmi við nýtt deiliskipulag.

Grunnástand - Núll kostur - Svæðið verður ekki deiliskipulagt og byggist ekki upp sem verslunar- og þjónustusvæði.

4.2 Umhverfismat

4.2.1 Nýtt deiliskipulag:

Áhrif á náttúruferir eru metin óveruleg.

Áhrif á dýralíf eru metin óveruleg þar sem svæðið hefur ekki verið talið búsvæði dýra. Gróður kemur til með að raskast við uppbyggingu mannvirkja, vega og veitna. Áhrif á gróður eru metin óveruleg þar sem um raskað svæði er að ræða og manngerð tún. Nýtt verslunar- og þjónustusvæði er á túnum sem í dag eru ekki nýtt til landbúnaðar. Ekki er verið að raska mikilvægum vistgerðum. Skilmálar eru um gróðursetningu í deiliskipulagi.

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg.

Nýtt verslunar- og þjónustusvæði byggist upp á gömlum túnum sem staðsett eru við jaðar bæjarins. Ásýnd á svæðinu mun breytast með tilkomu nýrra bygginga og aðkomuvega en skilmálar deiliskipulags gera ráð fyrir að mannvirki falli sem best að umhverfi sínu og einnig er sett fram krafa um gróðursetningu innan svæðisins. Takmörkun verður á notkun svæðisins til annarrar landnotkunar og landbúnaðar.

Áhrif á loftslagsmál eru metin óveruleg.

Kolefni kemur til með að losna við rask vegna framkvæmda en svæðið verður aftur grætt upp með tilheyrandi bindingu í gróðri. Umferð kemur til með að aukast með aðsókn í verslunarmiðstöð. Gera

má ráð fyrir auknum útblæstri frá umferð, en að hún fari smám saman minnkandi eftir því sem farartækjum fjölgar sem nýta umhverfisvæna orkugjafa.

Áhrif á heilnæmt umhverfi eru metin óveruleg.

Áhrif á grunnvatn eru metin óveruleg þar sem gert verður ráð fyrir góðum frágangi mannvirkja auk góðs frágangs fráveitumála. Sé vel staðið að verki er ekki talin hætta á neikvæðum áhrifum á vatnshlot. Skilmálar eru í deiliskipulagi um fráveitu og regnvatn. Möguleiki er að hávaði komi til með að aukast með aukinni umferð um svæðið en með tilkomu hringtorgs verður dregið úr umferðarhraða á svæðinu.

Áhrif á menningarminjar eru metin óviss.

Áhrif á menningarminjar eru óviss þar sem ekki er vitað hvort minjar (Aksturslág 3384-13) er raunverulega að finna innan skipulagssvæðisins .

Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi eru metin jákvæð/neikvæð.

Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi eru metin neikvæð þar sem skipulagið samræmist ekki leiðbeiningum um sjálfbært skipulag; Mannlíf, byggð og bæjarrými. Umferð er beint út fyrir núverandi byggð sem eykur ferðaþörf. Umferðaröryggi er þó tryggt með góðu aðgengi að svæðinu óháð ferðamáta.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð/neikvæð.

Með nýju verslunar- og þjónustusvæði fyrir utan miðsvæði bæjarins er verið að bjóða íbúum og gestum upp á fjölbreyttari þjónustu en er nú þegar í bænnum. Slíkt telst jákvætt fyrir lífsgæði íbúa og getur aukið aðdráttarafli fyrir ferðafólk sem á þar leið hjá og ýtt undir aðsókn dreifbýlis í kring. Einnig er talið að uppbyggingin fjölgi störfum á svæðinu. Hins vegar er talið ólíklegt að uppbygging styrki og efli miðbæ Húsavíkur þar sem svæðið er staðsett fjarri núverandi kjarna. Skipulagið þéttir hvorki byggð né blandar atvinnustarfsemi, verslun og íbúðabyggð eins og lagt er upp með í Landsskipulagsstefnu 2024-2038. Hætta er á að ný þjónusta í miðbænum verði einkum á sviði ferðaþjónustu og hafi takmörkuð áhrif á lífsgæði íbúa.

4.2.2 Núllkostur

Áhrif á náttúrufar eru metin óveruleg/jákvæð.

Engar framkvæmdir fyrirhugaðar og núverandi gróður og vistkerfi verða áfram til staðar.

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg.

Ásýnd á svæðinu mun ekki breytast úr því sem nú er.

Áhrif á loftslagsmál eru metin óveruleg.

Umferð um svæðið helst óbreytt. Ætla má að smám saman dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir því sem faratækjum fjölgar sem nýta umhverfisvæna orkugjafa.

Áhrif á heilnæmt umhverfi eru metin jákvæð/óveruleg.

Ekki er hætta á mengun, gengið hefur verið frá fráveitumálum á viðeigandi hátt. Hljóð berst frá núverandi umferð en engin breyting á því. Áhrif á grunnvatn eru metin jákvæð þar sem ekki verður byggt upp á svæðinu og loftgæði haldast óbreytt þar sem umferð eykst ekki um svæðið.

Áhrif á menningarminjar eru metin óverulegar/óviss.

Áhrif á menningarminjar eru óverulegar þar sem ekki er vitað um minjar innan skipulagssvæðisins.

Áhrif á samgöngur og umferðaröryggi eru metin jákvæð.

Áhrif á samgöngur og öryggi eru talin jákvæð þar sem umferð eykst ekki um svæðið.

Áhrif á samfélag eru metin óveruleg/neikvæð.

Áhrif á samfélag eru óveruleg eða neikvæð þar sem ekki verður byggt upp á svæðinu. Íbúar sveitarfélagsins halda áfram að sækja verslun og þjónustu á Akureyri í stað heimabygðar.

4.3 Niðurstaða

Samhliða fjölgun íbúa og ferðamanna á Húsavík hefur borið á aukinni þörf fyrir umbótum á þeirri verslun- og þjónustu sem er til staðar. Uppbygging á slíku svæði við Aksturslág samræmist ekki stefnu gildandi aðalskipulags, Landsskipulagsstefnu og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um sjálfbært skipulag (Mannlíf, byggð og bæjarrými). Sveitarfélagið leitaði lausna varðandi staðsetningu nýrrar verslunarmiðstöðvar innan miðsvæðis Húsavíkur. Sú vinna bar ekki árangur vegna skorts á lóðum innan miðbæjarins og eignarhalds lóða. Í deiliskipulaginu verður gripið til mótvægisáðgerða með því að skilgreina góðan göngu- og hjólastíg til að tengja svæðið við miðbæ Húsavíkur til þess að tryggja gott aðgengi gangandi- og hjólandi vegfarenda. Skilmálar eru settir um að yfirbragð mannvirkja og ásýnd samræmist staðháttum og að vel sé gengið frá fráveitumálum.

Sveitarfélagið telur uppbygginguna jákvæða fyrir samfélagið með aukinni þjónustu og verslun fyrir íbúa sveitarfélagsins og mögulega fjölgun starfa. Brýn þörf sé á uppbyggingu á verslunar- og þjónustusvæði á Húsavík og að með bættri verslun geti Húsavík endurheimt að hluta það þjónustuhlutverk sem bærinn hafði áður við aðliggjandi sveitir.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41. gr. skipulagslaga.

5.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing var auglýst sumarið 2024. Umsagnir bárust frá: Skipulagsstofnun, Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands, Veðurstofu Íslands, slökkviliði Norðurlands og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Athugasemdir og ábendingar bárust frá 14 aðilum þar sem skipulagsáformunum var mótmælt með vel rökstuddum hætti.

Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til þeirra umsagna, ábendinga og athugasemda sem bárust.

5.2 Auglýsing tillögu

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Vegagerðin
- Slökkviliði Norðurlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Orkuveita Húsavíkur
- Rarik
- Landsnet

5.3 Skipulagsferlið

